

Priðjudaginn 5. desember 1995.

Nr. 387/1995. **Þorsteinn Laufkvist Þorsteinsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Laufeyju Elsu Sólveigardóttur

Kærumál. Skipti dánarbús. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 6. nóvember sl. af Arngrími Ísberg héraðsdómara, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að hann víki sæti. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómara gert að víkja sæti í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Hinn 1. mars 1995 krafðist sýslumaðurinn í Reykjavík þess, að dánarbú Laufeyjar Guðmundsdóttur, sem lést 25. september 1994, yrði tekið til opinberra skipta. Í stað þess að taka afstöðu til kröfu sýslumanns kvað fyrrnefndur héraðsdómari upp úrskurð um ágreining, sem kom upp á dómþingi milli erfingja um gildi erfðaskrár hinnar látnu frá 11. janúar 1989. Með dómi Hæstaréttar 8. september 1995 í máli nr. 251/1995 var úrskurður þessi úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Eftir uppkvaðningu þessa dóms var dánarbúið tekið til opinberra skipta með úrskurði, upp kveðnum 26. september 1995. Mál það, sem nú er rekið fyrir héraðsdómi, snýst um gildi umræddrar erfðaskrár, og vísar sóknaraðili til þess, að dómarninn hafi þegar með fyrri úrskurði tekið efnislega afstöðu til málsins. Af þessum sökum telur sóknaraðili, að óhlutdrægni dómara verði með réttu dregin í efa og því beri honum að víkja sæti samkvæmt gilið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fyrir því er löng venja að skýra framangreint lagaákvæði og eldri ákvæði sama efnis á þann veg, að héraðsdómari verði ekki talinn

vanhæfur af þeirri ástæðu einni, að hann hafi áður leyst úr máli að efni til, ef hann fjallar um það að nýju að undangenginni ómerkingu fyrri úrlausnar. Þá hefur ekkert komið fram, sem gefur annars til-efni til, að óhlutdrægni héraðsdómara verði með réttu dregin í efa. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember 1995.

Með dómi sínum 8. september sl. felldi Hæstiréttur úr gildi og vísaði frá héraðsdómi úrskurði um sama ágreiningsefni á milli sömu aðila og er til meðferðar í þessu máli. Í málinu verða lögmenn aðila að afla gagna að nýju, og yfirheyra verður aðila og vitni fyrir dómi, eftir því sem efni standa til. Við úrlausn málsins mun dómariinn miða við þau gögn, sem verða færð fram í því, og er því algjörlega óbundinn af fyrri úrlausn. Dómariinn telst því hæfur til að fara með málið, og er hafnað þeirri kröfu varnaraðila, að hann víki sæti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Arngrímur Ísberg héraðsdómari víkur ekki sæti í málinu.
